# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 15


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Fyrir hönd Hins danska steinolíu-hlutafjelags leyfi jeg mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn að hún selji fjelaginu lóð á Melunum, á þeim stað og fyrir það verð, sem umsemdi, er væri 28 x 25 álnir að stærð, og leyfi fjelaginu að byggja á lóðinni hús það, sem sýnt er á hjálögðum uppdráttum, svo og að það megi geyma steinolíu í húsinu.

Eptirrit af uppdráttunum fylgir.

Reykjavík 15. janúar 1909.

Aug. Philipsen

Til

bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Bnf. 16/1 '09

By. 2

B. Rvk. 32/1909 By. 2

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð óska eg, að hin heiðraða byggingar-
nefnd vilji leyfa mjer þá breytingu á sölubúð-
inni á Laugavegi 1, að setja dyr þar sem mið-
glugginn er á vesturenda búðarinnar. Verður þá
einn gluggi hvorumegin dyra þar, eins og á
austurenda hússins.

Svars óska eg sem fyrst.

Virðingarfyllst

Reykjavík, 15. janúar 1909.

Magnús Guðmundsson

Þinghs.str. 8 A.

Til
byggingarnefndarinnar í Reykjavík.

B. Rvk. 31/1909 By. 2

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit
## af
## fundargjörð byggingarnefndar Rvíkur
## 16. jan. 1909

Ár 1909 laugardaginn 16. januar átti byggingarnefnd fund með sjer og fór þá þannig fram:

1. Magnús Guðmundsson kaupm. Þingholtsstræti 8 b beiðist leyfis til að mega gera þá breytingu á sölubúð sinni Laugav. 1 að setja dyr þar sem miðgluggin er á framhlið vesturenda hússins. Leyfið veitt.
2. Davíð Östlund sækir um leyfi til breytinga á húsi sínu Austurstræti 17; málinu frestað vegna ónógra upplýsinga.
3. Philipsen fyrir hönd hins danska steinolíuhlutafjelags sækir um leyfi til að reisa hús til steinolíugeymslu á Melunum og um kaup á lóð 25° x 28° í því skyni; en húsið á að vera 11½° x 18°. Byggingarnefndin hefur ekkert við húsið að athuga, en ræður frá sölu á lóð á Melunum og leggur heldur til að lóðin verði leigð til ákveðins tíma, t.d. minnst 5 ára með ½ árs uppsagnarfresti.–

Fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum. Borgarstjóri var ekki viðstaddur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en hafði falið Jóni Jenssyni fundarstjórnina.
Allir aðrir á fundi nema Kristján Þorgríms-
son.–

Fundi slitið

Jón Jensson

K. Zimsen Sveinn Jónsson Rögnv. Ólafsson

Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur